

# BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Siðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177  
Netfang: bi@press.is - Heimasíða: <http://www.press.is>



Heilbrigðisráðherra  
Jón Kristjánsson

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2680  
komudagur 18.5.2001

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis

## ÁRÍÐANDI ÁLYKTUN

Bláamannafélag Íslands gagnrýnir harðlega áform á Alþingi um að herða enn ritskoðunarákvæði laga um tóbaksvarnir nr. 74/1984.

Stjórnarskráin segir að ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Frumvarp til laga um breytingu á tóbaksvarnarlögum bannar “hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum” um einstakar tegundir tóbaks nema tilgangurinn sé að “vara sérstaklega við skaðsemi þeirra”. Stjórnvöld vilja málbinda fjölmiðla nema þeir séu tilbúnir að láta sig sér á tóbaksframleiðendur.

7. grein núgildandi tóbaksvarnarlaga bannar umfjöllun um “einstakar vörutegundir nema ljóst sé að hún miði beinlínis að því að koma á framfæri upplýsingum sem draga úr skaðsemi tóbaksneyslu”. Orðalag greinarinnar er á gráu svæði með hliðsjón af stjórnarskránni, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, en gengur þó ekki eins langt og breytingartillagan gerir.

Verður heldur ekki séð af greinargerð með frumvarpinu að tillit hafi verið tekið til tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar þegar það var samið. Slíkt skeytingarleysi á Alþingi um grundvallarréttindi í lýðræðisríki er eitt út af fyrir sig áhyggjuefni.

Krafa BÍ er ekki eingöngu að þegar í stað verði fallið frá fyrirhugaðri breytingu á 3. tfl. 3. mgr. 7. gr. laga um tóbaksvarnir heldur einnig að umrætt ákveði verði afnumið úr lögum vegna þess að það stríðir gegn prent- og ritfrelsi í landinu.

BÍ hefur skilning á þeirri viðleitni stjórnvalda að draga úr skaðsemi reykinga í þjóðfélaginu en varar eindregið við hvers konar takmörkunum á stjórnarskrárbundnum réttindum þegna landsins. Þeir hagsmunir eru meiri en umræddu lagaákvæði er ætlað að vernda. Tilgangurinn má ekki helga meðalið.

Reykjavík, 18. maí 2001

Hjálmar Jónsson,  
f.h. stjórnar BÍ